

**Viðbætur við Almenna tryggingarskilmála
Upplýsingar um hagnaðarútreikninga og hagnaðarhlutdeild****E 807**

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi útgáfu (des. 06) er Pétur Urbancic, löggiltur skjalabýðandi í/úr þýsku og dómtúlkur, og er byggð á þýðingu (des. 05) Veturliða Guðnasonar löggiltur skjalabýðandi í/úr þýsku.

1. Hvað er einkennandi fyrir einkalíftryggingu?

Einkennandi fyrir einkalíftryggingu er ábyrgð til langs tíma á greiðslu lífeyris eða höfuðstóls til tryggingar í ellinni, verði maður óvinnufær eða þarf umönnun, eða til að vernda eftirlifandi aðstandendur þegar fyrirvinnan fellur frá. Allan tryggingartímann, yfirleitt áratugum saman, ábyrgjumst við greiðslu umsaminna tryggingarbóta. Fyrir það greiðir þú iðgjöld sem ákveðin eru með samningum.

Þessi ábyrgð veitir þér nauðsynlegt öryggi fyrir framfærslu þína. Hæð tryggingarbótanna, sem við ábyrgjumst, er óháð breytingum á fjármagnsmarkaði hverju sinni, hugsanlegum kostnaðarhækkunum og þróun tryggðra lífsáhættuþátta (t.d. langlífi, óvinnufærni, umönnunarbörf, fráfall.).

Aldrei má vera hætta á því að við stöndum ekki við skuldbindingar okkar. Það krefst varkárni við útreikning gjaldskrár. Við verðum að gera fullnægjandi ráðstafanir vegna hugsanlegrar óhagstæðrar þróunar fjármagnsmarkaða, tryggðra áhættuþátta og kostnaðar. Vegna þar af leiðandi varkárni í áætlanagerð við útreikning gjaldskrár okkar skilum við hagnaði og veitum þér hlutdeild í honum.

Við gerð ársreiknings finnum við út hagnaðarhlutana. Einstakir tryggingarsamningar fá hlutdeild í hagnaðinum samkvæmt hagnaðarhlutaprösentu sem tilkynnt er í ársbyrjun. Við það hækka tryggingargreiðslur sem við ábyrgjumst eða iðgjaldgreiðslur lækka.

2. Hvernig verður hagnaður til?

Meginhluti hagnaðarins stafar frá tekjum af fjárfestingum. Til þess að við getum ávallt staðið við skuldbindingar okkar vegna tryggingarsamninga verðum við að mynda svonefnda varasjóði fyrir tryggingargreiðslur sem við ábyrgjumst. Varasjóður á hverjum tíma samsvarar upphæðinni sem leggja þarf fyrir svo hún, ásamt væntanlegum iðgjöldum og vöxtum, nægi til greiðslu tryggingabóta sem við ábyrgjumst. Í tryggingafræðilegum útreikningi er notuð vaxtaprösentu (reiknivaxtaprösentu) með efri mörkum sem löggjafinn ákveður. Ákvörðun þessarar hámarksvaxtaprösentu miðar einnig að því að tryggja að staðið verði við samningsskuldbindingar til langs tíma. Útreikningur varasjóðs tryggingar þinnar byggir á vaxtaprösentunni 2,25%.

Á móti varasjóðunum, sem við færum skuldamegin í uppgjöri okkar, verðum við að setja samsvarandi miklar eignir. Þar er aðallega um að ræða lán, veðskuldabréf, verðbréf með föstum vöxtum, hlutabréf og fasteignir. Með þeim verðum við að minnsta kosti að ná þeim vöxtum sem samsvara reiknivöxt-unum við útreikning varasjóðanna. Auk arðsins er öryggi fjárfestinga okkar einnig mjög mikilvægt. Tryggingargreiðslur eru ætlaðar til langtímaforsjar og þurfa því að vera útreiknanlegar til langs tíma. Þess vegna sýna fjárfestingar okkar nákvæmt jafnvægi arðs og öryggis. Þýska fjármálaeftirlitið, tryggingafræðingur okkar og tryggingarfrávirðslumaður fylgjast með því að öryggið sé tryggt. Með því að blanda og dreifa fjárfestingum okkar sneiðum við hjá miklum sveiflum í tekjum okkar. Þessar tekjur eru yfirleitt alltaf hærri en reiknivextirnir og leiða þannig til hagnaðar af fjárfestingunum.

Mikilvægur þáttur í stöðugleika hagnaðarhlutdeildarinnar eru varasjóðir vegna afskrifta. Þeir geta orðið til vegna lögskipaðra matsreglna fyrir fjárfestingar. Í uppgjöri má lögum samkvæmt í hæsta lagi meta þessar fjárfestingar eftir kaupverði eða framleiðslukostnaði. Það hefur einnig áhrif á matið hvort við ætlum að halda fjárfestingunum til frambúðar (langtímafjárfesting) eða aðeins um stundarsakir (skammtímafjárfesting). Um skammtímafjárfestingar gildir að lækki verðgildið ber að afskrifa til raunvirðis á uppgjörstigi þannig að hagnaður minnkar. Um langtímafjárfestingar gildir hins

vegar að aðeins þarf að afskrifa ef lækking verðgildis er fjárféð til frambúðar. Hafi áður verið afskrifað og hækki verðgildi fjárfestingarinnar aftur ber að hækka verðgildið í uppgjörinu samkvæmt því (svonefnd verðaðlögunarregla). Efri mörk fyrir matshækkun eru kaupverð eða framleiðslukostnaður.

Við viljum skýra þetta með eftirfarandi dæmi:

Ef við höfum keypt hlutabréf félags fyrir 100.000 evrur ber að skrá þau í uppgjöri sem 100.000 evrur jafnvel þótt þau séu 150.000 evra virði á uppgjörstiginum, óháð því hvort um er að ræða langtíma- eða skammtímafjárfestingu. Séu hlutabréfin hins vegar aðeins 80.000 evra virði á uppgjörstiginum gildir sú upphæð í uppgjörinu fyrir skammtímafjárfestingu, þ.e. við verðum að afskrifa 20.000 evrur svo hagnaður minnkar. Um hlutabréf í langtímafjárfestingum gildir hins vegar að aðeins er skylt að afskrifa þau niður í 80.000 evrur ef verðlækkunin er fjárféð til frambúðar. Ef verðlækkunin er um stundarsakir má áfram skrá hlutabréfin í uppgjörinu á 100.000 evrur. Til verður svonefnd hulin skuld að upphæð 20.000 evrur sem minnkar varasjóð vegna afskrifta. Hafi langtíma- eða skammtímafjárfesting verið afskrifuð í 80.000 evrur og hækki gangvirði hlutabréfanna til næsta uppgjörstigs upp í 130.000 evrur ber að hækka matið um 20.000 evrur svo hagnaður eykst. Í uppgjörinu ber (sem hámarksverð) að skrá aftur upprunalegt kaupverð, 100.000 evrur. Við það verður til varasjóður vegna afskrifta sem nemur 30.000 evrum sem ber að skrá í viðbæti ársskýrslunnar.

Varasjóðir vegna afskrifta eru nauðsynleg verkfæri líftryggjenda til þess að geta tryggt stöðugar tekjur yfir löng tímabil. Þeir veita öryggi á óvirkann hátt því gengislékkarnir á hlutabréfamörkuðum hafa ekki endilega áhrif á fjárfestingarútkomuna. En við notum þá einnig á virkan hátt, með því t.d. þegar vextir á fjármagnsmarkaði eru lágir að við seljum hlutabréf með gengishagnaði til að fá viðbótartekjur. Þá miðum við sérstaklega við væntingar um framvindu á fjármagns- og verðbréfamarkaði og stöðu varasjóða okkar vegna afskrifta.

Aðeins með nægilegum varasjóðum vegna afskrifta er yfirleitt mögulegt að fara út í miklar fjárfestingar með

gengisáhættu, t.d. í hlutabréfum. Við það skapast tækifæri til þess að fá meira en meðalarið með mikilli hlutabréfaeign án þess að slaka jafnframt á öryggiskröfunum.

Söluhagnaður úr varasjóði vegna afskrifta og matshækkanir auka tekjurnar af fjárfestingum okkar. Kostnaður við eignausýslu, tap við sölu úr

fjárfestingum okkar og hugsanlega nauðsynlegar afskriftir minnka tekjurnar.

Frekari hagnaður getur t.d. orðið til við það að áhættuþátturinn verði í reynd hagstæðari en reiknað var með. Sama gildir ef okkur tekst að spara meira í rekstri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

3. Hvernig fá viðskiptavinir okkar hlutdeild í hagnaðinum?

Hagnaður okkar rennur að langmestu leyti til viðskiptavina okkar. Sérstakar reglur um það eru í reglu-gerð við § 81 c í tryggingareftirlitslögum (Reglugerð um lágmarksiðgjaldsendurgreiðslu í líftryggingum). Samkvæmt þeim verða tryggingartakar að fá af nettóhagnaði þeirra fjárfestinga, sem eru samkvæmt § 3 Reglugerðar um lágmarksiðgjaldsendurgreiðslu í líftryggingum ætlaðar fyrir tryggingargreiðslur í framtíðinni, að minnsta kosti þann hluta sem stafar frá þessari reglugerð. Af þessari upphæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun varasjóðanna. Fjármagnstekjurnar, sem þá eru eftir, nýtum við til hagnaðarhlutdeildar tryggingartakanna. Samkvæmt þessari reglugerð verðum við einnig að veita viðskiptavinum okkar hæfilega hlutdeild í þeim hagnaði sem stafar ekki af fjárfestingum.

Hagnaðurinn er reiknaður út árlega samkvæmt fyrirráðum verslunarlega og tilgreindur innan ramma ársuppgjörs okkar. Það má sjá í ársskýrslu okkar sem

við sendum þér gjarna ef óskað er. Ársuppgjörið er lagt fyrir eftirlitsstofnunina, þýska fjármálaeftirlitið. Hluta hagnaðarinnar fyrir tryggingartaka færum við viðskiptavininum beint til tekna sem svonefnt beint innlegg. Annar hluti er lagður í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu fyrir hagnaðarhlutdeild á komandi árum. Samtímis tökum við úr þessum varasjóði þá fjármuni sem þarf til að greiða tryggingartökum hagnaðarhlutdeild í viðbót við beina innleggið á yfirstandandi ári.

Eins og varasjóðurinn vegna afskrifta er varasjóðurinn fyrir iðgjaldsendurgreiðslu einnig notaður til þess að jafna út afkomusveiflur með tímanum, þ.e. að halda hagnaðarhlutdeildinni líka stöðugri fyrir viðskiptavininn þegar lægð er á fjármagnsmörkuðum. Varasjóðinn má í grundvallaratriðum aðeins nota fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka. Aðeins með samþykki eftirlitsstofnunarinnar gætum við gripið til hans í undantekningartilvikum í þágu tryggingartaka til að koma í veg fyrir neyðarástand.

4. Hvernig fær samningur þinn hlutdeild í hagnaðinum?

Þar sem mismunandi tryggingartegundir, - t.d. áhættulíftryggingar til að bæta fráfall fyrir aldur fram eða lífeyristryggingar til að tryggja ævilangan lífeyri - leggja mismunandi mikið til hagnaðarinnar setjum við sambærilegar tryggingar saman í flokka. Helsta viðmiðun við myndun slíks flokks er áhættan sem tryggð er. Hagnaðarflokkunum er aftur skipt í undirflokkar svo hægt sé að taka tillit til mismunar sem er innan hagnaðarflokksins (t.d. grunnþáttur eða viðbótþáttur, iðgjaldagreiðslur jafnóðum eða í einu lagi). Hagnaðinum fyrir tryggingartaka er deilt á flokkana í samræmi við framlag.

Í tryggingarskírteininu sérð þú hvaða flokkum þættirir í tryggingu þinni tilheyra. Samningur þinn fær hlutdeild í hagnaðinum með flokkunum sem þar eru tilgreindir. Stjórn fyrirtækis okkar ákveður hæð hagnaðarhlutans árlega eftir tillögu tryggingafræðings okkar. Þá er tekið tillit til þess hvað hver einstakur þáttur hefur að meðaltali lagt fram til hagnaðar viðkomandi flokks. Við birtum hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársskýrslu okkar, tilkynnum þér um þær í tryggingarskírteininu eða á annan hátt.

4. 1 Hagnaðarhlutdeild þáttanna ellilífeyris og eftirlífendalífeyris, start-tryggingar og áætlunar um menntun barna meðan á biðtímanum stendur

Árlegir hagnaðarhlutar þáttanna
- ellilífeyrir: framtíðarlífeyrir
- start-trygging: framtíðarlífeyrir
- áætlun um menntun barna

og, ef þeir eru innifaldir, þáttanna
- eftirlífendalífeyrir: höfuðstóll við andlát
- eftirlífendalífeyrir: eftirlífendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun, munaðarleysingjalífeyrir

eru saman settir sem hér segir:

- Með vaxtahagnaðarhlutanum veitum við þér hlutdeild í hagnaði af fjárfestingartekjum. Hæð þessa hagnaðarliðar er háð heildarlengd biðtímans, samningstímanum sem þegar er liðinn og tryggðum bótum þáttarins.

- Háð tryggðu þáttunum getur grunnhagnaðarhluti bæst við. Með honum færð þú hluta af áhættuhagnaðinum. Forsendur eru þá hæð áhættunnar sem tekin er og aldur hins tryggða.

- Fari tryggðar bætur yfir tiltekið hámark getur viðbótahagnaðarhluti einnig bæst við. Hann er háður heildarupphæð iðgjalda.

Með árlegum hagnaðarhlutum, sem tilgreindir eru fyrir tryggingu þína, fjármögnun við, ef svo er umsamið, tafarlausa hagnaðarhlutdeild sem lækkar iðgjald til greiðslu, og í byrjun næsta tryggingarárs einnig aukalega, iðgjaldslausu tryggingu (bónus). Bónusinn fær einnig hlutdeild í hagnaðinum. Með stöðugri hækkun bónussins fást þannig tryggðar greiðslur til viðbótar ár eftir ár. Eins og tryggingargreiðslurnar, sem upphaflega var samið um, er ekki hægt að lækka þær, óháð seinni þróun fjármagnsmarkaðarinnar eða öðrum áhættuþáttum jafnvel á tímabilum þegar tekjuhlutfall er ekki eins hagstætt.

Þar með eru áætlanir þínar mjög öruggar á öllum skeiðum biðtímans:

- Þegar við upphaf tryggingarinnar eru umsamdar greiðslur tryggðar.
- Vegna hagnaðarhlutdeildar er mjög líklegt að farið verði fram úr tryggðum greiðslum.
- Þú átt órifntanlegan rétt á hækkunum á bónusgreiðslum sem þegar hafa verið fjármagnaðar með árlegum hagnaðarhlutum. Á þennan hátt hækka sem sagt tryggðar greiðslur frá ári til árs, öryggið

varðandi upphæð heildargreiðslna að hagnaðarhlutdeild meðtalinni eykst stöðugt.

Auk árlegra hagnaðarhluta getur bæst við lokahagnaðarhluti við samningslok, við fráfall hins tryggða eða frá ellilífeyrisgreiðslubyrjun. Með þessum lið veitum við þér hlutdeild í hagnaði sem háður er árlegum sveiflum og er því ekki hægt að nota fyrir aukalegar, tryggðar greiðsluröf.

Bætist lokahagnaður við er hæð hans háð lengd biðtímans, samningstímanum sem þegar er liðinn og tryggðum bótum þáttarins.

4.2. Hagnaðarhlutdeild þáttanna ellilífeyris og eftirlifendalífeyris, start-tryggingar og áætlunar um menntun barna á lífeyrisgreiðsluskeiðinu

Við tryggðar greiðslur við lífeyrisgreiðslubyrjun úr þáttunum

- ellilífeyrir: framtíðarlífeyrir
- start-trygging: framtíðarlífeyrir
- áætlun um menntun barna

og, ef hann er innifalinn, úr þættinum

- eftirlifendalífeyrir: eftirlifendalífeyrir frá lífeyrisgreiðslubyrjun, munaðarleysingjalífeyrir

bætast greiðslur úr hagnaðarhlutdeildinni einnig á lífeyrisgreiðsluskeiðinu.

Þessar greiðslur felast eftir því sem umsamið er

- í einstakri hækkun heildarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun og árlegri hækkun heildarlífeyris frá öðru lífeyrisgreiðsluári (hagnaðarlífeyrir)
- í einstakri hækkun heildarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun og árlegri hækkun heildarlífeyris frá sjötta lífeyrisgreiðsluári (samsettur hagnaðarlífeyrir)
- í árlegri hækkun heildarlífeyris frá öðru lífeyrisgreiðsluári (viðbótarlífeyrir)
- í einstakri hækkun heildarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun (stöðugur hagnaðarlífeyrir)

Hæð allra tegunda hagnaðarlífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun er einkum háð tryggðum lífeyri og aldri hins tryggða. Hvorki hagnaðarlífeyri, samsettan hagnaðarlífeyri né stöðugan hagnaðarlífeyri er hægt að ábyrgjast í þeirri hæð sem náðst hefur. Við breytingar á grundvelli útreikninga hagnaðarlífeyrisins geta ekki aðeins hækkunar í framtíðinni breyst heldur einnig sá hagnaðarlífeyrir sem þegar hefur verið náð.

Í Tryggingafræðilegu ábendingunum finnur þú frekara upplýsingar um hagnaðarútreikninginn.

4.3 Hagnaðarhlutdeild þáttanna örorkulífeyrir, umönnunarlífeyrir og barnaforsjá (barnalífeyrir)

Ef þú hefur innifalið þessa þætti finnur þú upplýsingar um hagnaðarhlutdeild þeirra í þeim Sérstöku skilmálum sem við eiga við þá.

5. Hæð hagnaðarhlutdeilda í framtíðinni er ekki hægt að ábyrgjast!

Hæð hagnaðarhlutdeildarinnar er háð mörgum áhrifavöldum. Aðaláhrifaþáttur er vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði. En framvinda áhættuþátta og kostnaður skipta einnig miklu máli. Öll áhrif eru – ekki síst vegna langs samningstíma – ekki fyrirsjánleg og við höfum aðeins takmörkuð áhrif á þau. Þess vegna er ekki hægt að ábyrgjast óviðmiðaða hæð hagnaðarhlutdeilda í framtíðinni.

Með tryggingarskírteininu færð þú líkansútreikning heildargreiðslunnar. Þar er sýnd sú greiðsla sem

kæmi til útborgunar ef sú hagnaðarhlutdeild sem gildir við gerð samnings þíns yrði óbreytt allan tryggingartímann.

Auk þess sýnum við þar líka hvaða áhrif hækkun eða lækkun vaxtahagnaðarhlutans hefði á greiðsluna.

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

Tryggingafræðilegar ábendingar varðandi Upplýsingar um hagnaðarútreikninga og -hlutdeild¹

1. Almenn

Stuðlarnir fyrir hagnaðarhlutana eru reiknaðar út samkvæmt viðurkenndum aðferðum trygginga-fræðinnar. Við útreikningana ákváðum við reikningsvexti 2,25%. Fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við lífslengd notum við dánartíðnitöfluna „AZ 2006 R fyrir karla eða konur,“ fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við fráfall notum við eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ03T fyrir karla eða konur.“

2. Hagnaðarútreikningur á biðtímanum

Hagnaðarhlutar eru reiknaðir út fyrir hvern þátt fyrir sig.

2.1. Árlegir hagnaðarhlutar

Árlegur hagnaðarhluti er samanlögð heildarupphæð úr *vaxtahagnaðarhlutanum að frádregnum kostnaði, grunnhagnaðarhlut-anum og, ef tryggðar bætur fara yfir tiltekna upphæð, úr viðbótarhagnaðarhlutanum.*²

2.1.1. Vaxtahagnaðarhluti

Mælingargrundvöllur vaxtahagnaðarhlutans er verðgildi tryggingarinnar í reiðufé, reiknað til loka liðs tryggingarárs og að viðbættum eins árs reiknivöxtum. Þá er verðgildi tryggingarinnar í reiðufé skilgreint sem verðgildi ógoldinna umsaminna tryggingargreiðslna í reiðufé að viðbættum reiknuðum framtíðarkostnaði í reiðufé að frádregnum ógjöldnum iðgjöldum í reiðufé.

2.1.2. Grunnhagnaðarhluti

Mælingargrundvöllur fyrir grunnhagnaðarhlutann eru dánarlíkur margfaldaðar með áhættuhöfuðstól, reiknað til loka liðs tryggingarárs og að viðbættum eins árs reiknivöxtum.

Grunnhagnaðarhluti er aðeins veittur í þáttum þar sem reiknuð brottfallsregla er miðuð við andlát.

Í þættinum „eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun“ er sá hluti eftirlifendalífeyrisins reiknaður út með andlátsmiðaðri brottfallsreglu sem fer yfir lágmarksverðgildið. Lágmarksverðgildið er sú hæð ellilífeyrisins sem kæmi fram ef heildarhöfuðstólsgreiðslan væri notuð fyrir ellilífeyri án dánarbóta og eftirlifendalífeyri frá lífeyrisgreiðslubyrjun.

2.1.3. Viðbótarhagnaðarhluti

Mælingargrundvöllur fyrir viðbótarhagnaðarhlutann er verðgildi þáttarins án bónuss á gjalddaga ásamt reiknivöxtum.

2.2. Lokahagnaðarhluti

Lokahagnaðarhlutinn er settur saman úr *venjulegum lokahagnaðarhluta og viðbótarlokahagnaðarhluta.*

2.2.1. Venjulegur lokahagnaðarhluti

Mælingargrundvöllurinn fyrir venjulegan lokahagnaðarhluta er verðgildi tryggingarinnar í reiðufé reiknað til loka liðs tryggingarárs og að viðbættum eins árs reiknivöxtum. Er þá verðgildi tryggingarinnar í reiðufé skilgreint sem verðgildi ógoldinna, umsaminna tryggingargreiðslna í reiðufé að viðbættum reiknuðum framtíðarkostnaði í reiðufé, en að frádregnum ógoldnum iðgjöldum í reiðufé.

Venjulegir lokahagnaðarhlutar eru ávaxtaðir með því vaxtastigi sem ákveðið er fyrir hvert tryggingarár.

Venjulegur lokahagnaðarhluti fellur í gjalddaga við samningslok eða fráfall hins tryggða frá byrjun tryggingaársins sem byrjar þegar þriðjungur er liðinn af biðtímanum,³ í síðasta lagi frá byrjun 11. tryggingarársins eða í síðasta lagi frá 5. ári fyrir lok biðtímans ef hinn tryggði hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri.⁴

2.2.2. Viðbótarlokahagnaðarhluti

Mælingargrundvöllur fyrir viðbótarlokahagnaðarhluta er árlegur hagnaðarhluti fyrir tryggingarár gjalddagans.

Viðbótarlokahagnaðarhluti bætast við venjulegan lokahagnaðarhluta frá síðasta ári biðtímans³, í síðasta lagi frá 5. ári fyrir lok biðtímans³ ef hinn tryggði hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri.⁴

Við lok tryggingar innan eins tryggingarárs er lokahagnaður reiknaður út við lok þess mánaðar sem þá er.

3. Hagnaðarútreikningur á lífeyrisgreiðsluskeiðinu

3.1. Hagnaðarlífeyrir

Heildarlífeyririnn á fyrsta ári lífeyrisgreiðsluskeiðsins er reiknaður út á grundvelli verðgildis tryggðra greiðslna við lífeyrisgreiðslubyrjun í reiðufé að meðtöldum reiknuðum kostnaði og framtíðargreiðslum (hver fyrir sig metin með sérstaklega tilgreindum forsendum sér í lagi) þar sem tillit er tekið til jafngildisreglunnar.

3.2. Viðbótarlífeyrir

Mælingargrundvöllur fyrir árlegan hagnaðarhluta er verðgildi tryggingarinnar í reiðufé, reiknað til loka liðs tryggingarárs. Þá er verðgildi tryggingarinnar í reiðufé skilgreint sem verðgildi ógoldinna umsaminna tryggingargreiðslna í reiðufé að viðbættum reiknuðum framtíðarkostnaði í reiðufé.

¹ Ábendingarnar gilda um þættina

- ellilífeyrir: framtíðarlífeyrir og grundvallarlífeyrir
- start-trygging: framtíðarlífeyrir
- eftirlifendalífeyrir: höfuðstóll við andlát
- eftirlifendalífeyrir: eftirlifendalífeyrir fyrir og frá lífeyrisgreiðslubyrjun, munaðarleysisgjalfeyrir
- áætlun um menntun barna

² Fyrir bónusinn er ekki veittur neinn viðbótarhagnaðarhluti.

³ Felist grunnskeið í tryggingu þinni ber hér að miða við lengd grunnskeiðs í stað biðtíma

⁴ Í félagatryggingum: Frá 5. ári fyrir lok biðtímans ef hinn elsti hinna tryggðu hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri. Í áætlun um menntun barna: Á síðustu 5 árum biðtímans³.